

## **Skýrsla um ferð Hilmar Oddssonar og Ásdísar Thoroddsen á aðalfund FERA í Búdapest í júní 2009.**

Við komum til Búdapest miðvikudagskvöldið 10. Júní. Strax morguninn eftir sátum við **morgunverðarfund með fulltrúum norrænu leikstjórasmotakanna**. Þar fóru menn gróflega yfir stöðu mála, hver í sínu landi, og það var fróðlegt og ágætis upplagg fyrir fundarhöld næstu daga. Meðal þess sem fram kom á þessum fundi voru eftirfarandi atriði:

**Danir** eru búnir að stofna sjóð til að þróa experimental kvikmyndir. Þeir hafa nýverið staðið fyrir könnun meðal starfandi leikstjóra um menntun þeirra, starfsreynslu, bakgrunn og laun og er enn verið að vinna úr þeim upplýsingum sem þar koma fram.

Aukin þátttaka sjónvarps í fjármögnun kvikmynda hefur það í för með sér að sjónvarpsstöðvar gera vaxandi kröfur um áhrif á innihald og efnistöð framleiddra verka.

**Norðmenn** eru þessa dagana uppteknir af samstillingu kvikmyndakrafta til að auka samtakamáttinn innan geirans, með það að markmiði að hagsmunamál kvikmyndagerðarinnar nái betur fram að ganga gangvart stofnunum ríkisins. Fulltrúar þeirra lýstu yfir tapaðri orrustu við sjónvarpsstöðvar um auglýsingahlé á sýningum leikinna kvikmynda. Norðmenn vilja gera auknar kröfur til menntunar og hæfni ráðgjafa (konsúlenta) og krefjast aukins gegnsæis í störfum þeirra.

**Fimmtudagurinn 10. Júní** var fyrsti þingdagurinn. **Forseti FERA Istvan Szabo** setti samkunduna og **ungverskir kvikmyndaleikstjórar** buðu kollega sína velkomna. Síðan var farið yfir lokasamþykkt síðasta aðalfundar FERA í Dublin 2008 og **Cécile Despringre framkvæmdastjóri (CEO) FERA** fór yfir síðasta starfsár.

Í skýrslu hennar kom m.a. fram að FERA hefur átt í erfiðum og kostnaðarsömum málarekstri við ítalska fyrirtækið PROMOTER, sem stýrt er af Correa, fyrrum aðalritara (general secretary) FERA, sem flestir eru sammála hafi átt vandan aðskilnað við samtökin og geri nú vægast sagt ósanngjarnar kröfur til þeirra fyrir dómstólum. Málið mun þó vera komið í einhvers konar samningafarveg. Fram kom að frönsku leikstjórasmotökin SACD, sem hingað til hafa borgað laun framkvæmdastjóra, hyggjast stöðva greiðslur til FERA og láta féð í stað þess renna til nýrra smotaka í Brussels, CMS, sem er sérstaklega ætlað að vernda og vinna að framgangi höfundaréttar. Cécile lætur af störfum innan skamms og mun hefja störf í Brussels fyrir SAA (Société des Autor Audiovisuel), sem eru réttindasmotök sem berjast fyrir fleiri en leikstjóra. Þetta er samansafn 5 innheimtufélaga frá Frakklandi, Þýskalandi (2), Bretlandi og Sviss. Það kom skýrt fram á þinginu að Cécile verður sárt saknað.

Þá var komið að **inntöku nýrra félaga**. Tvö ný smotök voru tekin inn, ítölsku smotökin 100 Autori og portúgölsku smotökin APR. Umsókn ítölsku ANAC smotakanna um endurkomu á forsendum stofnenda var hafnað. Deginum lauk með almennu spjalli um starf hinna ýmsu leikstjórasmotaka.

Um kvöldið var svo formleg setningarathöfn þingsins og hún fór fram í gömlu og virðulegu kvikmyndahúsi með ávörpum og ungverskum stuttmyndum. Deginum lauk með sameiginlegu “buffeti”.

**FÖSTUDAGURINN 11. Júní** hófst á umræðum um vanda ungerskra kvikmyndaleikstjóra: Fyrrum átti ríkið kvikmyndirnar sem gerðar hafa verið, en nú rífast ríki og stúdíó um myndirnar. Leikstjórar vilja eignast aftur höfundarrétt að sínum myndum og biðja um aðstoð FERA. Bretinn Piers Haggard lagði til að þær færu út úr réttarsalnum og inn í pólitíkina. Á þann hátt öðlaðist eignarréttur hugverka mikilvægi. Í því sambandi var bent á að evrópsk lagagrein varðandi kabal-sjónvarp (European Directive about TV-cable) hefði gert breskum og þýskum leikstjórum kleift að ná fram rétti sínum. Talið var nauðsynlegt að athuga afstöðu græningja til höfundaréttar, en þeir eru orðnir valdamiklir á Evrópuþinginu.

Þá var komið að umfjöllun um evrópska leikstjórásamninga, og þar kom margt áhugavert fram, einkum í erindi **danska lögfræðingsins Söndru Piras** um leikstjórásamninga í Danmörku. Helstu punktar erindis hennar fylgja þessum línnum í viðhengi.

**Bresku leikstjórarinnir Charles Sturridge og Piers Haggard** fóru yfir ástand mála heima fyrir. Þar kom fram að stöðugt hefur verið saxað á rétt og vinnuskilyrði breskra leikstjóra undanfarin ár, sérstaklega í sjónvarpsgeiranum. Þeir eru þó að blása til sóknar í réttinda- og hagsmunamálum sínum. Að undangengnu verkfalli og undirskriftasöfnun 740 leikstjóra voru stofnuð ný samtök, "Directors UK", með nýju markmiði sem sameina þrjá hópa leikstjóra. Samtökin eru bæði gildi (fagfélag) og söfnunarfélag ("collecting society"). Í júní 2011 munu samtökin öðlast allan rétt leikstjóra. Þá mun endursamið. Að sögn tvímenninganna hefur samvinna leikstjóra á milli breytt stöðu mála.

**Franski lögfræðingurinn Jean-Francois Joffre (SRF)** fjallaði um "moral right" og "heritage right". Móralski rétturinn getur hvorki verið gefinn né seldur í Frakklandi, hann er verndun á listaverki og höfundi þess. Það kom fram í máli hans að í raun væri Final Cut samkomulag milli handritshöfundar, leikstjóra og framleiðanda. Hann fjallaði um vinnutíma (leikstjórar fá ekki greidda yfirvinnu eins og tæknimenn) og laun leikstjóra. Leikstjórar fá oft ákveðna launatryggingu en njóta sjaldnast góðs af góðu gengi í miðasölu. Í Frakklandi er ekkert leikstjórágildi. Munurinn á vinnu við kvikmyndir og sjónvarp er stöðugt að færast í það horf að sjónvarp er að verða öflugri vettvangur handritshöfunda, völd þeirra hafa aukist til muna á þeim vettvangi. Í raun geta handritshöfundar ráðið því hvort verki verður dreift, en þeir mega ekki láta skemma það.

Eftir hádegi var fjallað um **netdreifingu á kvikmyndum í Evrópu**.

**Thomas Jörg** talaði fyrir kvikmyndaveituna **Cinexe.com** sem er með aðalstöðvar í Berlín og Zürich. Veitan er Media-styrkt. Þýtt er yfir á ensku, þýsku, frönsku og ítölsku og vonandi bráðlega á fleiri tungumál. Hægt er að dreifa mynd í gegnum Cinexe, sem væri aðeins til sölu í sumum löndum, ef slíkt væri nauðsynlegt vegna sýningarréttar. Hægt er að setja inn stiklur til markaðssetningar. Notandinn getur valið á milli þess að borga fyrir staka skoðun (borgar þá fyrir flæðið) eða þess að hlaða niður til eignar. Réttihafar/seljendur hafa yfirsýn yfir gengi efnis síns hvenær sem hentar: 1) Tímalengd flæðis 2) Vefteljarar telja klikk á stiklur og örslóðir 3) Athugasemdir og dómar áhorfenda 4) Niðurhal, leiga og sölutölur.

**Matthieu Boucher** talaði fyrir kvikmyndaveituna **The Auteurs** <http://www.theauteurs.com/>. Stjórnendur The Auteurs velja inn í veituna myndir sem þeim finnst uppfylla gæðakröfur.

Þá ber að nefna kvikmyndaveituna **www.onlinefilm.org** sem barst í tal í persónulegu spjalli. (Því miður glopraðist nafn viðmælandans niður). Onlinefilm.org er líka Media-styrkt. Hún er að því leyti öðru vísi, að kvikmyndagerðarmenn sjá sjálfir um koma myndum sínum á veituna. Frá henni getur svo notandinn hlaðið niður mynd til eignar fyrir sanngjarnt verð. 51% fær kvikmyndaréttthafinn, 49% fær ONLINEFILM AG og félagar. Strax og þegar 50 evrur hafa safnast upp er peningurinn færður á reikning réttihafa. Einnig er hægt að nota þessa veitu til að markaðssetja kvikmyndir. Þá geta réttihafar einnig gerst hluthafa í ONLINEFILM AG. Að því leyti er veitan í eigu kvikmyndagerðarmanna sjálfra.

**Valerio Caruso** er fulltrúi [www.cineuropa.org](http://www.cineuropa.org) sem er þjónustuvefur við kvikmyndagerðina, styrktur af Media og er skrifstofur að finna í Brussel og Róm.

Innan vébanda þessarar netslóðar er að finna þýðendur, blaðamenn og gagnagrunn yfir evrópskar kvikmyndir. Caruso saknaði þess að hafa ekki getað uppfært íslenskar kvikmyndir í gagnagrunninn. Hann hefði leitað að íslenskum gagnagrunni á síðu Kvikmyndamiðstöðvar en ekki fundið. Við gátum frætt hann um að því miður væri gerð gagnagrunnsins ólokið.

Þessar upplýsingar voru settar inn á borð til Laufeyjar Guðjónsdóttur hjá KMÍ að ferð lokinni. Óhætt er að segja að hér liggja sóknarfæri fyrir þá íslenska leikstjóra, sem einnig eru framleiðendur og eiga allan eða hluta sýningarréttar að myndum sínum. En fyrst þarf að koma eldri kópíum á það format sem hægt er að afhenda í slíkar kvikmyndaveitur, þ.e. dígibetu.

Í lok dagskrár fylgdu almennar og sértækar umræður um framtíðarhorfur og væntingar. Það er óhætt að segja að það sé viss tillhneiging aðildarfélaganna að stefna að sömu löggjöf í kvikmyndagerð um Evrópu alla.

Um kvöldið var siglt á Dóná, glösum lyft og geði blandað.

**LAUGARDAGURINN 12. Júní** var helgaður ljúkningu mála sem komið höfðu upp á þinginu, atkvæðagreiðslum um einstakar tillögur og annað slíkt. Kynnt var uppkast af lokaályktun (sem var send síðar og fylgir hér sem viðhengi). Sett var saman nefnd til að vinna að eins konar “business plani” fyrir FERA og á hún að starfa með stjórn.

Rætt var um að halda annan fulltrúafund (1 frá hverju landi) í **Dijon í Frakklandi í október 2009**. Eins viðruðu norænu fulltrúarnir vilja til að hittast aftur sérstaklega á haustdögum. Það mun brátt skýrast.

Í heildina var þetta bæði fróðlegt og gagnlegt þing og gott var að hitta evrópska kollega og deila með þeim hugmyndum, vonum og væntingum. Það var greinilegt að okkar hefur verið saknað í starfi FERA undanfarin ár og vorum við eindregið hvött til að láta þráðinn ekki slitna að nýju.

Hilmar Oddsson  
Ásdís Thoroddsen